

**Mál nr. 6/2014**  
**M vegna ófjárráða dætra sinna**  
**S og R og**  
**V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Krafa um bætur vegna líkamlegs og geðræns tjóns vegna áreksturs þ. 8.8.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 4.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 24.1.2014.

**Málsatvik.**

M rekur mál þetta f.h. ófjárráða dætra sinna S og R. Málavexti segir M vera að hún hafi lent í árekstri þegar hún ók bifreið sinni og A var ekið inn í hlið bifreiðar hennar. R var þá farþegi í bifreiðinni en móðir málskotsaðila var þá ólétt af S. Af hálfu málskotsaðila er því haldið fram að R hafi fengið verki í magann 5 dögum eftir áreksturinn og við skoðun hafi hún virkað hrædd en ekkert óeðlilegt hafi fundist. Þá segir að R hafi verið haldin ofsahræðslu eftir áreksturinn og þolað illa hávaða og eftir áreksturinn hafi hún sýnt töluverð hræðslu- og kvíðamerki. Þá er varðandi S vísað til vottorðs Þórðar Þorkelssonar lækni um að stúlkan virðist haldin “scoliosis”. Gerð er krafa um bætur til handa S og R og er af þeirra hálfu vísað til fyrirbyggjandi læknisfræðilegra gagna. Varðandi R er vísað til geðrænna vandamála sem rekja megi til árekstursins og ótvírætt að hún hafi orðið fyrir geðrænu tjóni vegna hans. Varðandi S er vísað til þess að móðir hennar hafi fengið högg á kviðinn í árekstrinum og læknisfræðileg gögn varðandi hana sýni að hún hafi orðið fyrir líkamlegum áverkum svo sem að framan greinir.

V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að dætur M hafi orðið fyrir nokkru líkamstjóni af völdum framangreinds áreksturs. Varðandi S er vísað til þess að hún hafi verið í móðurkviði þegar áreksturinn varð og samkvæmt vottorði heilsugæslu hafi barnið ekki verið talið hafa orðið fyrir neinum skaða í móðurkviði. Þá vísar V til þess að S hafi greinst með smávægilega hryggskekkju og allir læknar sem skoðuðu S á fyrsta aldursári hafi talið tengsl milli hryggskekkju S og árekstursins mjög óljós. Þá vísar V til þess hvað S varðar að nú séu liðin 6 ár frá árekstrinum og engar upplýsingar séu á sjúkraskrá heilsugæslu um neinar afleiðingar hans. Þá vísar V til vottorðs Yngva Ólafssonar lækni um að hryggskekkjan hafi ekki verið greinanleg við sjö mánaða aldur S. Varðandi R segir V að farið hafi verið með hana á heilsugæslu daginn eftir árekstur og hún kvartað undan verkjum í maga og virst hrædd en ekkert óeðlilegt hafi komið fram og á næstu misserum hafi alloft verið leitað á heilsugæsluna með R vegna kviðverkja sem voru taldir standa í sambandi við hægðatregðu. Þá segir V að engin gögn liggja fyrir sem sýni fram á geðræn vandamál R sem rekja megi til árekstursins. Einnig segir V að rannsóknarbeiðni hafi verið lögð fram þ.9.6.2008 á BUGL og hafi félagið lagt til að upplýsinga yrði aflað um afdrif þeirrar beiðni og niðurstöðu BUGL en engar upplýsingar hafi borist V hvað það varðar. V segir að nákvæmlega ekkert styðji fullyrðingar M um að R hafi orðið fyrir tjóni á geðsmunum af völdum árekstursins.

**Álit.**

R var farþegi í bifreið móður sinnar M, sem rekur málið fyrir hönd hennar og S systur hennar sem er einnig ófjárráða, þegar þær lentu í árekstri við aðra bifreið. Þau gögn sem liggja fyrir í máli R teljast ekki sýna fram á að R hafi orðið fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni vegna árekstursins þ. 8.8.2007. Þá staðfesta læknisfræðileg eða önnur gögn heldur ekki líkamsáverka S í móðurkviði

við sama áreksur. M á því ekki rétt á bótum vegna ófjarráða dætra sinna úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna ofangreinds áreksurs.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 7.2.2014

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.